

# FRÉTTABRÉF

FÉLAGS ÍSLENSKRA NÁTTÚRUFRAEÐINGA

20. árg. 2. tbl.

apríl. 2005


## Orlofshús í sumar

Munið að 17. maí er síðasti dagur umsóknafrests um orlofshús. Umsóknareyðublað er í miðju fréttabréfinu ásamt úthlutunarreglum. Allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu FÍN.  
[www.bhm.is/fin](http://www.bhm.is/fin)

## Efni fréttabréfsins:

- Fundargerð aðalfundar 28. febrúar 2005
- Skýrsla stjórnar
- Stjórnskipaðar nefndir
- Orlofshúsin í sumar
- Umsóknareyðublað, í miðju blaðsins.
- Úthlutunarreglur

**Gleðilegt  
Sumar!**



**Útgefandi:** Félag íslenskra náttúrufræðinga, Lágmúla 7, 108 Reykjavík.

**sími:** 568-9616, **bréfsími:** 568-9619, **netfang:** [fin@bhm.is](mailto:fin@bhm.is),

**Heimasíða:** [www.bhm.is/fin](http://www.bhm.is/fin) **Ritstjóri og ábyrgðarmaður:** Sæunn Marinósdóttir, skrifstofustjóri

Aðalfundur FÍN, 28.febrúar 2005, kl.16:00

**Skýrsla stjórnar – Ína Björg Hjálmarsdóttir, formaður.**

**Ársreikningar FÍN og kjaradeilusjóðs fyrir árið 2004 – Margrét Yrsa Richter, gjaldkeri.**  
Ársreikningar lagðir fram og **samþykktir.**

**Tillögur um lagabreytingar – Barði Þorkelsson, laganefnd.**  
Lagðar til breytingar við 3, 4 og 11 grein. **Samþykkt.**

**Ákvörðun félagsgjalda – Ína Björg Hjálmarsdóttir, formaður.**  
Lagt til að félagsgjöld fyrir félagsmenn á almennum markaði verði hækkuð úr 1.100 kr á mánuði í 2.000 kr. á mánuði. **Samþykkt.**

**Skýrslur nefnda; Umhverfisnefnd og Orlofshúsanefnd.**

Skýrsla umhverfisnefndar – Bjarni Diðrik Sigurðsson.

Umhverfisnefnd finnst hún vera óþörf. Formaður hefur sagt af sér. Tillaga liggur fyrir stjórn FÍN um að leggja nefnd niður.

Skýrsla orlofshúsanefndar – Sigurbjörg Gísladóttir.

Góður rekstur á orlofshúsum, mikil nýting. Formaður nefndar ekki lengur í FÍN.

**Kosning í stjórn og nefndir – Auður Antonsdóttir, fundarstjóri.**

**STJÓRN:**

Tilnefningar til 2 ára:

Varaformaður – Þorsteinn Sigurðsson  
Fulltrúi trúnaðarmanna – Þóroddur F. Þóroddsson  
Meðstjórn - Friðbjófur Árnason  
Einar Hjörleifsson  
Heiðrún Guðmundsdóttir  
Vala Friðriksdóttir  
Þorsteinn Narfason  
Ólafur Eggertsson  
Sigríður Elefsen  
Kristbjörg Sigurðardóttir

Situr frá fyrra ári:

Formaður – Ína Björg Hjálmarsdóttir  
Formaður ráðgjafarnefnd – Páll Halldórsson  
Meðstjórn - Svava S. Steinarsdóttir  
Trausti Baldursson  
Þórarinn Jóhannsson  
Kristjana Bjarnadóttir  
Jóhannes Kjarval  
Guðmundur Víðir Helgason

Tilnefning til 1. árs:

Járngerður Grétarsdóttir  
Vantar fyrir almennan markað – samþykkt að stjórn finni einhvern

**STJÓRN KJARADEILUSJÓÐS**

Tilnefningar til 2 ára.

Formaður FÍN - aðalmaður  
Barði Þorkelsson – aðalmaður  
Þuríður Pétursdóttir - aðalmaður  
Ritari FÍN – varamaður

Sitja frá fyrra ári.

Gjaldkeri FÍN – aðalmaður  
Guðmundur Guðjonsson – aðalmaður  
Varaformaður FÍN - varamaður

**ENDURSKOÐENDUR**

Tilnefningar til 2 ára.

Einar Torfason - aðalmaður  
Björn Harðarson – varamaður

#### Sitja frá fyrra ári.

Jóhann Ólafsson - aðalmaður  
Sigrún Guðnadóttir - varamaður

#### **SÍÐANEFND**

##### Tilnefningar til 2 ára.

Haraldur Rafn Ingvason - aðalmaður  
Árni Hjartarson - aðalmaður  
Ólafur Karvel Pálsson - varamaður

##### Sitja frá fyrra ári.

Hákon Aðalsteinsson - aðalmaður  
Margrét Steinarsdóttir - aðalmaður  
Ólafur R. Dýrmundsson - aðalmaður  
Steinunn Jakobsdóttir - varamaður

#### **ORLOFSHÚSANEFND**

##### Tilnefningar.

Einar Jónsson - aðalmaður  
Sigurbjörg Gísladóttir - aðalmaður  
Haukur Þór Haraldsson - aðalmaður  
Vantar - aðalmaður; lagt til að stjórn finni  
Vantar - fulltrúi stjórnar; verður tekið fyrir á fyrsta stjórnarfundir

#### **FULLTRÚI Í HÚSFÉLAGINU ÁSBRÚ**

##### Tilnefningar.

Gjaldkeri FÍN - aðalmaður  
Þrúður G. Haraldsdóttir framkvæmdastjóri FÍN - varamaður

Allir tilnefndir fulltrúar í stjórnir og nefndir **samþykktir** í kosningu með öllum greiddum atkvæðum.

**Samþykkt** var að veita stjórn umboð til að finna:

Stjórnarmann til 1. árs fyrir almenna markaðinn.

Stjórnarmann í orlofshúsanefnd.

Aðalmann í orlofshúsanefnd.

Listi yfir stjórnskipaðar nefndir verður birtur í næsta fréttabréfi FÍN, eftir að ný stjórn hefur skipt með sér verkum á fyrsta stjórnarfundir og skipað í stjórnir og nefndir.

#### **Inntaka nýrra félaga - Þóroddur F. Þóroddsson f.h. ritara**

Á árinu hafa bæst við 95 fullgiltir félagar, 2 hafa sagt sig úr félaginu og 2 aukaaðildir hafa bæst við. Listi yfir nýja félagsmenn **samþykktur**.

#### **Önnur mál**

##### Orlofshúsakönnun - Sigurbjörg Gísladóttir.

Kynning á niðurstöðum könnunar sem lögð var fyrir félagsmenn um rekstur orlofshúsa. Á síðasta aðalfundi var samþykkt að kanna hug félagsmanna í framhaldi af tillögu Starra Heiðmarssonar um að stefna skuli að sölu orlofshúsa félagsins.

Niðurstaða könnunarinnar var sú að 180 félagsmenn svöruðu.

Þar af eru 110 hlyntir því að FÍN eigi og reki orlofshús og 70 eru mótfallnir.

FÍN mun því áfram reka orlofshús.

##### Staða samningamála - Ína Björg Hjálmarsdóttir.

Umræður um samningamál.

##### Guðrún Sverrisdóttir, Trausti Baldursson, Heiðrún Guðmundsdóttir og Kristjana Bjarnadóttir lögðu fram eftirfarandi tillögu:

"Aðalfundur FÍN lýsir fullum stuðningi við samninganefnd FÍN í þeim viðræðum sem standa nú yfir við samninganefnd ríkisins. Jafnframt hvetur fundurinn samninganefndina til að standa vörð um sjálfstæðan samningsrétt félagsins og styður stjórnina til að meta hverju sinni hvort samstarf við aðra aðila er réttlæt看legt."

Tillagan **samþykkt** einróma.

#### **Lokaorð formanns FÍN - Ína Björg Hjálmarsdóttir**

## Skýrsla stjórnar Félags íslenskra náttúrufræðinga starfsárið 2004—2005

Eftir aðalfund árið 2004 skipti stjórn með sér verkum eins og lög félagsins gera ráð fyrir. Í framkvæmdastjórn sátu auk formanns Þorsteinn Sigurðsson varaformaður, Margrét Yrsa Richter gjaldkeri, Elín Ásgeirsdóttir ritari og Friðþjófur Árnason meðstjórnandi. Umsjónarmenn trúnaðarmanna voru Þóroddur Fr. Þóroddsson, Svava Steinarsdóttir og Vala Friðriksdóttir. Einar Hjörleifsson var reiknistofa FÍN eins og undanfarin ár en Heiðrún Guðmundsdóttir sinnti málefnum lífeyrisþega. Jónína Valsdóttir var fulltrúi stjórnar í orlfshúsanefnd og tók auk þess þátt í starfi innan BHM um almenna markaðinn ásamt Sigfinni Snorrasyni. Aðrir stjórnarmenn voru Guðmundur Víðir Helgason, Hulda Steingrímsdóttir, Jóhannes Kjarval, Trausti Baldursson, Þórarinn Jóhannsson og Kristjana Bjarnadóttir. Páll Halldórsson sat í stjórn sem formaður ráðgjafanefndar FÍN en auk hans sátu í nefndinni Auður Antonisdóttir og Þórólfur Antonsson. Er stjórnarmönnum og fulltrúum í ráðgjafanefnd þökkuð vel unnin störf á liðnu ári.

Starfsmenn á skrifstofu félagsins eru Þrúður G. Haraldsdóttir, framkvæmdastjóri, Sæunn Marinósdóttir, skrifstofustjóri og Heiðrún Þorsteinsdóttir sem var ráðin á árinu sem upplýsinga- og skjalavörslufulltrúi.

Meginverkefni árið 2004 var undirbúningur fyrir kjarasamninga félagsins en samningar við ríki og sveitarfélög voru lausir 1. desember 2004. Samningur við Reykjavíkurborg er hins vegar ekki laus fyrr en haustið 2005. Undirbúningur kröfugerðar hófst með starfsdegi trúnaðarmanna þar sem farið var yfir áherslur félagsmanna. Í kjölfarið voru fundir með trúnaðarmönnum og unnið áfram að kröfugerð með umsjónarmönnum trúnaðarmanna og stjórn félagsins. Á haustmánuðum var kröfugerð félagsins kynnt og samþykkt á félagsfundum. Helstu kröfur voru að meta bæri menntun náttúrufræðinga til launa líkt og gert er á almennum markaði og að tryggja fjármagn í stofnanasamninga.

Á árinu tók FÍN þátt í samfloti aðildarfélaganna BHM um samningsgerð við ríkið. Upphaf þeirrar samvinnu var ferð fulltrúa aðildarfélaganna og BHM til Noregs þar sem skoðað var kjarasamningsumhverfið, starf stéttarfélaganna og samtaka stéttarfélaganna. Í kjölfarið var ákveðið að athuga möguleika á samstarfi við kjarasamningsgerð við ríkið. Unnið var að sameiginlegri kröfugerð og sameiginleg samninganefnd samflotsfélaganna sat samningafundi með samninganefnd ríkisins. Þessar viðræður þróuðust á þann veg að farið var að ræða atriði sem voru ekki innan sameiginlegrar kröfugerðar félaganna og ákvað FÍN þá snemma á árinu 2005 að taka ekki þátt í frekara samfloti. Enginn vilji var hjá SNR að funda einslega með FÍN á meðan samflotsviðræður voru í gangi en nokkrir samningafundir voru ásamt með verkfræðingum, tæknifræðingum og lyfjafræðingum. Samningaviðæður voru enn í gangi þegar aðalfundur fór fram.

FÍN hefur tekið þátt í annarri starfsemi innan BHM á árinu. Á árinu var stofnað nýtt húsfélag sem BHM og flest aðildarfélögin eiga aðild að og er FÍN þar með talið. Húsfélagið hefur fest kaup á húsnæði í Borgartúni (áður Rúgbrauðsgerðin) og er gert ráð fyrir að flytja á næsta ári. Unnið hefur verið að frekari þróun bókuarmiðstöðvar BHM sem komið var á fót árið 2003 og skoðaðir hafa verið möguleikar á sameiginlegu mála- og skjalavistunarkerfi fyrir BHM og aðildarfélögin. Einnig hefur verið unnið að lífeyrismálum, vinnuumhverfismálum og málefnum almenna markaðarins eins og undanfarin ár.

Ína Björg Hjálmarisdóttir, formaður FÍN

## **Orlofshús sumarið 2005**

Félagsmenn sem hafa áhuga á sumardvöl í orlofshúsi á vegum félagsins eru hvattir til að sækja um og merkja við alla valkosti sem þeir geta hugsanlega notað á umsóknareyðublaðinu. Hægt er að nálgast umsóknareyðublaðið og nánari upplýsingar um húsin á heimasíðu FÍN; <http://www.bhm.is/fin/>.

### **SKÓGARKOT Í BORGARFIRÐI**

Skógarkot er mjög rúmgott timburhús í Norðtunguskógi u.þ.b. 2 km ofan við bæinn Norðtungu í Þverárhlið í Borgarfirði. Skógarkot stendur eitt og sér í þéttvöxnum skógi og hefur dvöl þar notið mikilla vinsælda meðal félagsmanna. Húsið er það stórt að það rúmar vel 2 - 3 fjölskyldur.

Í húsinu er 2 svefnherbergi á jarðhæð með tvíbreiðu rúmi annarsvegar og venjulegu rúmi hinsvegar. Á efri hæð eru tvö svefnloft auk herbergis með samtals 8 rúmum (4+3+1). Auk þess eru í húsinu eitthvað af aukadýnum, samanbrotið barnarúm og barnastóll. Á neðri hæð er rúmgóð stofa, borðstofa, eldhús, bað með sturtu og bakinngangur. Í eldhúsinu er eldavél, ísskápur, örbylgjuofn og borðbúnaður fyrir a.m.k. 12 manns. Sængur og koddar eru fyrir 12 en gestir þurfa að taka með sér allt lín. Borð-, gólfstukur og viskastykki þurfa gestir einnig að taka með sér. Gasgrill er á staðnum og heitur pottur við húsið. Menn þurfa að sækja sjálfir gas fyrir gasgrillið og því rétt að aðgæta þegar komið er í húsið hvort kútar eru tómir. Vikuleiga í sumar er kr. 20.000.

### **FÍN – HÚSIÐ Í BISKUPSTUNGUM**

Margir félagsmenn þekkja húsið við Fullsæl og umhverfi þess vel en fyrst var húsið leigt út í júní 1984. Húsið stendur í landi Syðri-Reykja í Biskupstungum og er ca 45 fermetrar á einu gólfi (án svefnlofts). Þar er forstofa, tvö svefnherbergi; annað með tvíbreiðu rúmi en hitt með koju (þ.e. rúm og hákoja), baðherbergi með sturtu, stofa með hornsófa og svefnsofa sem hægt er að draga út í tvíbreitt rúm og eldhúskrókur með eldavél og ísskáp. Í húsinu er samanbrotið barnarúm og barnastóll. Sængur og koddar eru fyrir sex (og eitthvað af aukadýnum) en gestir þurfa að hafa með sér allt lín. Borð-, gólfstukur og viskastykki þurfa gestir einnig að taka með sér. Borðbúnaður er fyrir a.m.k. 10 manns. Í bústaðnum er gasgrill og sjónvarp. Félagsmenn verða sjálfir að sækja gas fyrir gasgrillið ef kútar eru tómir. Heimilt er að veiða í ánni Fullsæl sem rennur fyrir neðan húsið án sérstaks leyfis í hvert sinn (sjá nánari upplýsingar í húsinu) og er veiðigjaldið innifalið í húsaleigu. Heitur og skjólgóður pottur er áfastur við húsið og þá eru góðar rólur og sandkassi til staðar fyrir börn. Talsverða endurbætur hafa verið gerðar á húsinu undanfarin ár og var það parketlagt nú á síðasta ári. Vikuleiga í sumar er kr. 15.000.

### **FLÓKALUNDUR Á BARÐASTRÖND**

Húsið stendur í orlofshúsaahverfi rétt utan við Flókalund í Vatnsfirði vestur. Svæðið er rómað fyrir náttúrufegurð (skógur, fjörður, stórt stöðuvatn) og friðlýst sem slíkt.

Húsið skiptist í forstofu, stofu og baðherbergi með sturtu, eldhúskrók með eldavél og ísskáp, hjónaherbergi og barnaherbergi með svefnstæðum fyrir þrjá. Almennur búnaður er fyrir 6-8 manns, sængur fyrir sex. Eldavél er með tveimur hellum og bakarofni. Orlofsgestir þurfa að taka með sér allt lín. Akstur í sundlaug og verslun (Birkimel) tekur 15 mín á malbikuðum vegi. Hótel Flókalundur er auk þess í næsta nágrenni sem áður sagði ef fólk vill fá matinn tilbúinn. Vikuleiga er kr. 15.000.

## BLÖNDALSBUÐ Á HÉRAÐI

Félagsmönnum stendur til boða rúmgott nýlegt hús; Blöndalsbúð í Eyjólfsstaðaskógi á Héraði í tvær vikur í sumar. Húsið er ekki langt frá Einarstöðum um 11 km innan við Egilsstaði í átt að Hallormsstað. Húsið rúmar tvær samrýmdar fjölskyldur en hjónaherbergi er þó aðeins eitt öðrumegin á svefnlofti. Þar er hjónarúm og auk þess má bæta við dýnu á gólfi. Önnur gistiðstaða eru 5-8 dýnur á hinum hluta svefnloftsins. Sængur og koddar fylgja með en gestir verða að hafa með sér allt lín. Borðbúnaður er fyrir a.m.k. 8 manns. Húsið er kynnt með rafmagni en einnig má nota viðarofn sem fóðraður er með birkibútum sem er að finna í viðarskýli við húsið. Næsta nágrenni, þegar frá er talinn 30 m<sup>2</sup> útíallur og grasflöt, er að mestu skógur með göngustígum innan um birki og greni. Gönguleiðir um skóginn geta verið margir km ef áhugi er fyrir slíku. Í húsinu er ekki sjónvarp en þar er útvarp með geislaþilara. Kolagrill er á staðnum. Vikuleiga er kr 25.000.

## ÖNNUR ORLOFSHÚS

Bent skal á að eftir úthlutun hjá BHM er hugsanlegt að einhverjar vikur verði lausar í orlofs- húsnum samtakanna og hægt er að grennslast fyrir um það eftir mánaðarmótin maí/júní með því að senda tölvupóst til BHM. Netfangið er [bhm@bhm.is](mailto:bhm@bhm.is).

## Úthlutunarreglur orlofshúsa FÍN

Félagsmönnum er forgangsraðað í orlofshúsin eftir neðangreindri formúlu eins og áður:

$$k = \frac{(50 + \text{aldur}) \times \text{prófaldur}}{(1 + \text{hve oft úthlutað áður})}$$

Í reglugerð fyrir orlofshús FÍN er meðal annars kveðið á um:

**að úthlutun hjá FÍN hefur engin áhrif á úthlutun hjá BHM og öfugt einungis þeir sem hafa greitt félagsgjöld sín fá úthlutað eftir forgangsroð eftirlaunaþegar hafa þó fullan rétt, enda eru þeir undanþegnir greiðslu félagsgjalda.**

**UMSÓKNARFRESTUR ER TIL FÖSTUDAGSINS 17. MAÍ OG ÞURFA UM- SÓKNIR AÐ BERAST SKRIFSTOFU Í SÍÐASTA LAGI ÞANN DAG.**

Umsóknareyðublaðið er að finna í miðju fréttabréfsins og á heimasíðu félagsins; <http://www.bhm.is/fin/>  
Þar er einnig að finna nánari upplýsingar um sumarhúsin.

## Staða kjara- og stofnanasamninga

### *Samningar vegna ríkisstarfsmanna*

Samninga-/samstarfsnefnd FÍN undir forystu formanns skrifaði undir nýjan kjarasamning við Samninganefnd ríkisins fyrir hönd fjármálaráðherra í marslok og lagði hann fram til atkvæðagreiðslu félagsmanna að afloknum kynningum. Niðurstöður hennar voru að 2/3 félagsmanna sem starfa hjá ríkinu greiddi atkvæði með kjarasamningnum og var launahækkun sem nam 4,5% greidd um síðustu mánaðamót.

Kjarasamningur FÍN við ríkið er nær óbreyttur frá því sem var að undanskilinni nýrri launatöflu sem tekur gildi 1. maí 2006. Eins og áður hefst nú endurskoðun/gerð stofnanasamninga samkvæmt 11. kafla þessa samnings og er undirbúningur hafinn.

### *Samningar vegna starfsmanna sveitarfélaga*

Viðræður við Launanefnd sveitarfélaga hófst um leið og ríkissamningurinn var í höfn og hafa þegar verið haldnir 3 fundir. Páll Halldórsson er formaður samninganefndar og nefndarmenn koma úr þremur geirum starfssviða. Stórt verkefni í þessum samningum er að finna lausn á hvernig starfsmenn flestra náttúrustofanna raðist inn í LN samning en þeir féllu áður undir dreifstýringarkerfi ríkisgeirans..

### *Samningar vegna sjálfs eignastofnana*

Flestar sjálfs eignastofnananna hafa kjarasamning sem er bein tilvísun í ríkissamninginn og liggur fyrir að hefja kjara- og stofnanasamningsgerð við þær hið fyrsta og jafnhliða stofnanasamningum.

### *Starfsmenn á Almennum vinnumarkaði*

FÍN veitir upplýsingar um launakjör og aðstoðar félagsmenn við gerð ráðningarsamninga með ýmsum hætti, ss yfirlestur, nánari upplýsingagjöf og gerð ráðningarsamnings ef félagsmenn óska þess sérstaklega. Áhersla hefur verið lögð á frekari vinnu við gerð kjarasamnings á almennum vinnumarkaði innan BHM.

Með baráttukveðjum á tímum samninga.

Þrúður G. Haraldsdóttir

## Stjórnskipaðar nefndir

### Arkitektanefnd:

- Jóhannes Kjarval Reykjavíkurborg, Borgarskipulag
- Sigurður Thoroddssen Skipulagsstofnun
- Bergljót S. Einarsdóttir Garðabær

### Menntanefnd:

- Barði Þorkelsson Veðurstofa Íslands
- Emma Eyþórsdóttir Rannsóknastofnun landbúnaðarins
- Aðalsteinn Sigurgeirsson Skógrækt ríkisins, Mógilsá
- Hans Guttormur Þormar Landspítali-háskólasjúkrahús

### Fulltrúar FÍN í miðstjórn BHM:

- Páll Halldórsson Veðurstofa Íslands
- Ína Björg Hjálmarsdóttir Landspítali-háskólasjúkrahús, Blóðbanki
- Þorsteinn Sigurðsson Hafrannsóknastofnunin
- Þrúður G. Haraldsdóttir framkvæmdastjóri Félags íslenskra náttúrufræðinga er áheyrnarfulltrúi

### Heilbrigðisnefnd:

- Auður Antonsdóttir Landspítali-háskólasjúkrahús, veirudeild
- Björn Harðarson Landspítali-háskólasjúkrahús, Blóðbankinn
- Steinunn Thorlacius, Urður verðandi skuld, hefur ekki náðst í .
- Sigríður Elefssen Landspítali-háskólasjúkrahús

### Umhverfisnefnd: 8 Vantar 7

- Freysteinn Sigurðsson Orkustofnun

## Önnur málefni

Stjórn FÍN hefur einnig falið eftirfarandi aðilum ákveðin málefni:

### Starfshópur um málefni lífeyrisþega:

- Heiðrún Guðmundsdóttir Umhverfisstofnun
- Ólafur R. Dýrmundsson, Bændasamtök Íslands
- Vilhjálmur Þorsteinsson, Hafrannsóknastofnun

### Umsjónarmenn trúnaðarmanna:

- Vala Friðriksdóttir Háskóli Íslands
- Þóroddur Fr. Þóroddsson Skipulagsstofnun
- Svava St. Steinarsdóttir Umhverfisstofnun